



Reykjavík – 2
Leyfi nr. 196

Breytt viðurlög

Þann 9. desember sl. voru samþykkt á Alþingi lög um breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald. Breytingarnar fela m.a. í sér breytingar á refsireglum laganna og þykir ástæða til þess að kynna þær breytingar sérstaklega þar sem um er að ræða verulegar hækkanir viðurlaga vegna brota á lögnum.

Lituð olía notuð án heimildar

Samkvæmt lögum um olíugjald og kílómetragjald er óheimilt að nota litaða (gjaldfrjálsa) olíu á skráningarskyld ökutæki önnur en dráttarvélar, beltabifreiðar, bifreiðir í eigu björgunarsveita, námuökutæki og ökutæki sem ætluð eru til sérstakra nota t.d. kranabifreiðar, götuhreinsibifreiðar og holræsabifreiðar.

Umrædd lagabreyting felur ekki í sér breytingu á því hvað teljist vera brot á lögnum. Hins vegar tekur refsingin, við slíkum brotum, nú mið af heildarþyngd ökutækisins í stað þess að miðað sé við það sem ætla má að undan hafi verið dregið, líkt og áður var og hafa viðurlög við brotum þessum hækkad verulega sem fyrr segir.

Komi í ljós að notuð sé lituð olía á ökutæki sem ekki hefur til þess heimild varðar það sektum samkvæmt töflunni hér til hliðar:

Heildarþyngd ökutækis: Fjárhæð sektar: *

0 – 3.500 kg	200.000 kr.
3.501 – 10.000 kg	500.000 kr.
10.001 – 15.000 kg	750.000 kr.
15.001 – 20.000 kg	1.000.000 kr.
20.001 kg og þyngri	1.250.000 kr.

* Við ítrekuð brot er heimilt að tvöfalda sektarfjárhæð.

Sé sekt greidd innan 14 daga lækkar hún um 20%.

Varðandi ökutæki sem greitt er kílómetragjald af

Af bifreiðum og eftirvögnum sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, þó ekki bifreiðum ætluðum til fólksflutninga, skal greiða kílómetragjald. Gjaldskyldan er óháð eldsneytisnotkun og greiða skal kílómetragjald af ökutækjum sem eru undanþegin olíugjaldi. Þá skal greitt kílómetragjald af bifreiðum og eftirvögnum sem skráð eru erlendis og flutt hingað til lands. Einnig skal greitt kílómetragjald af ökutækjum sem eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og skráð til sérstakra nota í ökutækjaskrá Umferðarstofu.

Umrædd lagabreyting felur ekki í sér breytingu á því hvað teljist vera brot á lögnum, einungis breyttar refsireglur.

Bilaður ökumælir – mælislaust ökutæki

Sé kílómetragjaldsskylt ökutæki með bilaðan eða engan ökumæli hefur ríkisskattstjóri heimildir, líkt og áður, til að ákvarða, eða endurákvæða, vantalinn akstur og leggja á kílómetragjald. Með lagabreytingunni varðar það hins vegar einnig sektum allt að kr. 100.000.- ef ökutækið er án ökumælis eða með bilaðan ökumæli. Í þessu samhengi skal áreittað að sé mælislaus eftirvagn dreginn af ökutæki sem ekki hefur til þess heimild varðar það einnig ofangreindum sektum.

Ríkisskattstjóri hefur sett sér verklagsreglur um beitingu sekta í ofangreindum tilvikum og eru þær eftirfarandi:

- Ef enginn ökumælir er í ökutæki er beitt hámarkssekt eða **kr. 100.000.-**.
- Ef ökumælir í ökutæki er bilaður er sektarfjárhæð **kr. 75.000.-**.

Ökutæki yfir gjaldþyngd

Fyrir lagabreytingu tóku viðurlög mið af mismun á kílómetragjaldi gjaldþyngdar og þeirrar þyngdar er mælist við eftirlit. Sá mismunur var margfaldaður með akstri ökutækisins síðustu 60 daga áður en mæling fór fram. Eftir lagabreytingu eru viðurlög einungis í formi sekta. Ef heildarþyngd ökutækis með farmi mælist vera meiri en sem nemur gjaldþyngd þess varðar það sektum allt að kr. 100.000.-

Ríkisskattstjóri hefur sett sér verklagsreglur um beitingu sekta í þeim tilvikum þegar heildarþyngd ökutækis með farmi væri meiri en gjaldþyngd þess og eru þær eftirfarandi:

- Ökutæki er einum gjaldþyngdarflokki umfram gjaldþyngd **kr. 25.000.-**
- Ökutæki er tveimur gjaldþyngdarflokki umfram gjaldþyngd **kr. 50.000.-**
- Ökutæki er þremur gjaldþyngdarflokki umfram gjaldþyngd **kr. 75.000.-**
- Ökutæki er fjórum eða fleiri gjaldþyngdarflokki umfram gjaldþyngd **kr. 100.000.-**

Akstursbækur

Sektarfjárhæðir fyrir ranga eða enga skráningu í akstursbækur er samkvæmt lögnum allt að kr. 100.000.-

Ríkisskattstjóri hefur sett sér verklagsreglur um beitingu sekta í ofangreindum tilvikum og eru þær eftirfarandi:

- Vegna ranglega færðs aksturs, **kr. 10.000.-**
- Ef akstur er ekki færður eða akstursbók glatast skal sekt vera **kr. 20.000.-**.

Fyrir ítrekuð brot skal sektin hækka um kr. 5.000.- í hvert sinn, í allt að kr. 50.000.-

Annað

Sé brotið gegn fleiri en einum liði er sektarfjárhæð samanlögð sektarfjárhæð einstakra brota. Sé sekt greidd innan 14 daga lækkar hún um 20%.

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra má finna nánari upplýsingar um kílómetragjald og olúgjald.

Slóðin er: **www.rsk.is**

GJALDAEILD - ÞJÓNUSTUSVIÐ

SÍMI 563 1100 · FAX 563 1290